

Snæfellingar erum við

Snæfellingar erum við
það er voða gaman
Leikum okkur úti í og inni
og erum alltaf saman.
Þeir sem horfa á okkur verða grænir í framan.
Snæfellingar erum við það er voða gaman

Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti
kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.”
:,:Komdu nú og kroppaðu með mér,
Krummi nafni minn :,:

Búddi fór í bæinn

Búddi fór í bæinn
og Búddi fór í búð.
Búddi sat á torginu
og var að borða snúð.
Þá kom löggumann
og hirti hann
og stakk honum
ofan í rassvasann.

Frost er úti fuglinn minn

Frost er úti fuglinn minn,
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu í nefið þitt,
því nú er frosið allt?

En ef þú bíður augnablik
ég ætla að flýta mér,
að biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

Þorrapræll

Nú er frost á Fróni
frýs í æðum blóð.
Kveður kuldaljóð
Kári'í jötunmóð.
Yfir laxalóni liggur klakapil
hlær við hríðarbil hamragil.
Mararbára blá
brotnar þung og há
unnar steinum á
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni æðrast skipstjórinn.
Harmar hlutinn sinn hásetinn.

Úmbarassa (Stökur)

Afi minn og amma mín
út á Bakka búa,
þau eru bæði sæt og fín,
þangað vil ég fljúga.
Úmbarassa

Afi minn fór á honum Rauð,
eitthvað suður á bæi,
sækja bæði sykur og brauð,
sitt af hvoru tagi.

Nú er úti norðanvindur

Nú er úti norðanvindur,
nú er hvítur Esjutindur.
Ef ég ætti úti kindur
þá mundi ég láta þær allar inn,
elsku bestu vinur minn.
Úmbarassa.....

Upp er runninn öskudagur,
ákaflega skír og fagur.
Einn með poka ekki ragur
úti vappar heims um ból.
Góðan daginn, gleðileg jól
Úmbarassa ...

Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
að kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefur sagt mér að vaka og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

Manstu ekki eftir mér

Ég er á vestur leiðinni,
á háheiðinni.
Á hundrað og tíu,
ég má ekki verða of seinn. O - Ó.

Það verður fagnaður mikill vegna opnunar,
fluggrillsjoppunnar.

Svo ég fór, og pantaði borð fyrir einn.

.,: Manstu' ekki eftir mér?

Mikið líturðu vel út beibí frábært hár.

Manstu' ekki eftir mér?

Hvar ertu búin að vera öll þessi ár. .,:.

Broslagið

Það er alveg ókeypis að B-R-O-S-A

Það er alveg ókeypis að B-R-O-S-A

Það er alveg ókeypis að B-R-O-S-A

Að B-R-O-S-A

BROSA

Krummi svaf í klettagjá

Krummi svaf í klettagjá,

kaldri vetrarnóttu á,

.,: verður margt að meini, .,:.

fyrir en dagur fagur rann

freðið nefið dregur hann

.,: undan stórum steini. .,:.